



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/1122*  
*komudagur 20.2.2007*

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Selma Hafliðadóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 19. febrúar 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (53. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að hækka barnabætur og hækka skerðingarmörk þeirra.*

Sutt er síðan barnabætur voru síðast hækkaðar en ekki er sýnt fram á það í frumvarpinu hvers vegna þörf er á því að hækka þær svo fljótt aftur. Viðskiptaráð hefur verið þeirrar skoðunar að þegar bætur séu greiddar úr ríkissjóði sé mikilvægt að þær skili sér til þeirra sem þurfa á þeim að halda. Skerðingar vegna tekna eru til þess fallnar að tryggja að verið sé að greiða hærri bætur til þeirra sem hafa lágar tekjur en lægri bætur til þeirra sem hafa háar tekjur. Því er ekki þörf á því að minnka þá tekjuskerðingu sem er í núgildandi lögum.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

  
\_\_\_\_\_  
Davíð Þorláksson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs